



Innkaupa- og framkvæmdaráð Reykjavíkurborgar
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík, 09. maí 2022
USKXX

Efni: Útboð nr. 15463 Kaup á sorphirðubifreiðum fyrir Reykjavíkurborg

Tilboð í ofangreindu útboði Umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar voru opnuð þann 3. maí 2022. Útboðið var auglýst á Evrópska efnahagssvæðinu. Boðin voru út kaup á fimm sorphirðubifreiðum. Ástæða kaupa er nauðsynleg endurnýjun vegna aldurs og aukin umsvif vegna fleiri flokka sem sérsafna þarf við heimili. Allar bifreiðarnar eru knúnar metani.

Eitt fyrirtæki skilaði inn tilboði.

Klettur – sala og þjónusta ehf.

Tilboðsfjárhæð samtals: 327.864.135 kr. m. VSK

Kostnaðaráætlun Umhverfis- og skipulagssviðs var 331.300.000 kr. m. VSK.

Innkaupaskrifstofa hefur framkvæmt skoðun á fjárhag Kletts - sölu og þjónustu ehf. og staðfest að fyrirtækið hefur staðist skoðun.

Skrifstofa umhverfisgæða hefur yfirfarið tæknilegar kröfur útboðsins. Niðurstaðan er að boðnar sorphirðubifreiðar samræmist útboðsgögnum.

Lagt er til að samið sé við Klett - sölu og þjónustu ehf.

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar

Friðrik Gunnarsson,
skrifstofa umhverfisgæða